



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. ágúst 2019

UMSÖGN UM frumvarp til breytinga á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, mál nr. S-190/2019, birt. 16. júlí sl.

Í þessari umsögn vil ég sem framkvæmdastjóri Miðla hjá Sýn koma á framfæri athugasemdum við fyrirhugaðar breytingar. Ég tel að verði frumvarpið að veruleika geti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenska sjónvarpsþáttagerð, bitni harkalega á sjálfstæðum framleiðendum sjónvarpsefnis og einnig einkareknum sjónvarpsstöðvum. Það má fullyrða að stór hluti íslenskra framleiðslufyrirtækja neyðist til að draga saman seglin og jafnvel einhver þeirra þurfi að hætta starfssemi njóti þau ekki endurgreiðslna.

Íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa allar það markmið að auka framleiðslu á íslensku sjónvarpsefni. Þær eiga í harðri samkeppni við erlendar kvikmyndir, sjónvarpsþætti, tölvuleiki, erlendar sjónvarpsstöðvar og efnisveitur. Það er öllum ljóst hversu mikilvægt íslenskt sjónvarpsefni er til þess að viðhalda og efla íslenska tungu og menningu. Það er ekki síður mikilvægt að styðja við sjónvarpsefni sem fjallar um alla kima samfélagsins, gefur okkur innsýn inn í líf ólíkra hópa og veitir okkur upplýsingar, fræðslu og skemmtun á íslensku. Verði endurgreiðsla hætt er líklegt að íslensk sjónvarpsframleiðsla dragist saman og efnistöð verði einsleitari. Þáttagerð verður einfölduð með þeim hætti að framleiðendur leggja síður í umfangsmikla þáttagerð og gæti það haft áhrif á sjónvarpsefni frá landbyggðinni.

Endurgreiðsla vegna framleiðslu á sjónvarpsefni hefur haft jákvæð áhrif sjónvarpsþáttagerð á Íslandi á undanförunum árum. Stuðningurinn hefur átt sinn þátt í því að hvetja sjónvarpsstöðvar og sjálfstæða framleiðendur til þess að framleiða metnaðarfullt íslenskt sjónvarpsefni. Þau áform stjórnvalda að hætta endurgreiðslum til sjálfstæðra framleiðenda geta valdið miklu og varanlegu tjóni á kvikmyndaiðnaðinum í heild sinni.

F.h. Sýnar hf.

Þórhallur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Miðla